

Eik fasteignafélag hf. – Sex mánaða árshlutauppgjör 2009

Eik fasteignafélag hf. birtir í dag sex mánaða árshlutauppgjör sitt að loknum stjórnarfundum þar sem reikningar félagsins voru samþykktir.

Niðurstaða Eikar fasteignafélags hf. fyrir fyrstu sex mánuði árisins 2009:

Hagnaður fyrirtækisins var neikvæður um 333,9 milljónir króna.

- Velta var 903 milljónir króna, sem er 12% aukning frá fyrra ári.
- EBITDA var 660,5 milljónir króna, sem er 12% aukning.
- Arðsemi eiginfjár á ársgrundvelli var -29,4%.
- Heildareignir félagsins voru að andvirði 20,4 milljarðar króna.
- Víkjandi fjármagn, þ.e. eigið fé, víkjandi lán og tekjuskattsskuldbindingar, var að andvirði 3,24 milljarðar króna.
- Hlutfall víkjandi fjármagns var 15,9%.
- Handbært fé frá rekstri var 193 milljónir króna.

Þrátt fyrir þær efnahagsþrengingar sem nú ganga yfir, með lækkun á nýtingarhlutfalli og lækkun á leigu, hefur rekstur Eikar fasteignafélags gengið samkvæmt áætlun. Eftirspurn eftir eignum félagsins er góð.

Ekki hefur tekist að semja um endurfjármögnun lána sem voru á gjalddaga í júní að fjárhæð 537 milljónir, en viðræður standa yfir. Fyrir utan þessi tvö lán hefur félagið að öllu leiti staðið skil á vöxtum og afborgunum, en félagið hefur ekki fengið frestun á sitt afborgunarferli. Þar sem leigutekjur hafa dregist saman og stór hluti fjármögnunar félagsins er vaxtaberandi skuldir er ljóst að reksturinn er erfiður og félagið þarf á endurfjármögnun að halda.

Í ljósi aðstæðna verður ekki hægt að komast að annarri niðurstöðu en að hin varfærna fjárfestingastefna félagsins hafi borgað sig. Eigið fé félagsins í sex mánaða uppgjörinu var 2.096 milljónir.

Frekari upplýsingar veitir:

Garðar Hannes Friðjónsson,
forstjóri Eikar fasteignafélags hf.
S. 590 2200 / 861 3027

	30.6.2009	30.6.2008	30.6.2007	30.6.2006
Velta	903,4	806,0	697,5	562,6
EBITDA	660,5	646,1	509,0	426,4
Hagnaður fyrir skatta	-392,9	249,9	2.392,6	241,2
Hagnaður eftir skatta	-334,0	357,1	1.962,0	200,2
Arðsemi eiginfjár	-29,4%	30,2%	362,0%	24,3%
Heildareignir.....	20.394,5	18.778,0	17.215,1	14.745,1
Eigið fé	2.096,4	2.819,1	3.087,5	1.846,9
Eigið fé, víkjandi lán og tekjuskattsskuldbinding	3.560,2	3.951,4	4.402,5	2.639,6
Hlutfall eiginfjár, víkjandi lán og tekjuskattsskuldbindingu ..	15,9%	21,0%	25,6%	17,9%
Handbært fé frá rekstri	193,3	254,9	81,1	241,6

Fjárhæðir eru í milljónum króna